

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2010/EES/7/01		Almennir fridagar á árinu 2010 í EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES og í EES-stofnunum	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/7/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5637 – Motor Oil (Hellas) Corinth Refineries S.A./Shell Overseas Holdings Limited)	2
2010/EES/7/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5773 – Qatar Petroleum/General Electric Company/PII Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2010/EES/7/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5783 – Statoil/Svitzer/FTTS (JV)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2010/EES/7/05		Ríkisaðstoð – Portúgal – Málsnúmer C 34/09 (áður N 588/08) – Aðstoð sem veitt hefur verið fyrirtækinu Petrogal S.A. – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	5

2010/EES/7/06	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Brignoles“)	6
2010/EES/7/07	Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita, fella niður tímabundið eða afturkalla flugrekstrarleyfi, birtar í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu (endurútgefin)	7
2010/EES/7/08	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/01/10 – Fræðslustarf.	8

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Almennir frídagar á árinu 2010 í EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES og í EES-stofnunum

2010/EES/7/01

	Ísland	Liechtenstein	Noregur	Eftirlitsstofnun EFTA	EFTA-dómstóllinn
1. janúar	X	X	X	X	X
2. janúar		X			
6. janúar		X			
2. febrúar		X			
19. mars		X			
1. apríl	X		X		
2. apríl	X	X	X	X	
5. apríl	X	X	X	X	X
22. apríl	X				
1. maí	X	X	X	X	X
13. maí	X	X	X	X	X
14. maí				X	
17. maí			X		
24. maí	X	X	X	X	X
3. júní		X			
17. júní	X				
23. júní					X
2. ágúst	X				
8. september		X			
1. nóvember		X		X	X
8. desember		X			
25. desember	X	X	X	X	X
26. desember	X	X	X	X	X
31. desember		X			

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2010/EES/7/02

(Mál COMP/M.5637 – Motor Oil (Hellas) Corinth Refineries S.A./Shell Overseas Holdings Limited)

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. janúar 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem gríska fyrirtækið Motor Oil (Hellas) Corinth Refineries S.A. („MOH“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflidar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, annars vegar í i) grísku fyrirtækjunum a) Shell Gas Commercial and Industrial Societe Anonyme of Gas („The LPG Company“) og b) Shell Hellas A.E. („SH Company“), en þau lúta bæði yfirráðum hins hollenska Royal Dutch Shell Group („Shell“) gegnum önnur félög, (full yfirráð) og hins vegar, ásamt breska fyrirtækinu Shell Overseas Holdings Limited („SOHL“), dótturfélagi Shell, ii) í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, Shell AE.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MOH: starfsemi á sviði olíuhreinsunar og sölu á jarðolíuafurðum (smásala og heildsala á eldsneyti á ökutæki, þotueldsneyti, brennsluolíu, smurefnum o.s.frv.)
 - SOHL: i) jarðolíu- og jarðgasleit og vinnsla og sala á olíu og gasi, ii) framleiðsla og sala á jarðolíuafurðum og íðefnum, iii) raforkuframleiðsla og framleiðsla á orku með endurnýjanlegum orkugjöfum
 - SH Company: i) smásöluverslun með eldsneyti, eldsneyti sem er notað í atvinnufyrirtækjum og bik, ii) efnageymsla og iii) sala eldsneytis á flugvélar
 - LPG Company: sala á fljótandi jarðolíugasi („LPG“) á Grikklandi
 - Shell AE (sameiginlega fyrirtækið): sala eldsneytis á flugvélar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 30, 6. febrúar 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5637 – Motor Oil (Hellas) Corinth Refineries S.A./Shell Overseas Holdings Limited, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2010/EES/7/03****(Mál COMP/M.5773 – Qatar Petroleum/General Electric Company/PII Group)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. janúar 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem katarska fyrirtækið Al Shaheen Energy Services Company, sem lýtur yfirráðum hins katarska Qatar Petroleum („QP“), og bandaríska fyrirtækið General Electric Company („GE“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu PII Group Ltd og bandaríska fyrirtækinu PII North America LLC (einu nafni „PII Group“), sem lúta yfirráðum GE.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - QP: olíuleit, borun eftir olíu og olíuvinnsla, flutningur, geymsla, markaðsfærsla og sala á óhreinsaðri olíu, hreinsuðum olíufurðum, efnavörum úr jarðolíu og áburði
 - GE: margvísleg framleiðslu-, tækni- og þjónustustarfsemi víða um heim
 - PII Group: þjónusta á sviði skoðunar og viðhalds á olíu- og gasleiðslum við rekendur slíkra leiðslna víða um heim
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 31, 9. febrúar 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5773 – Qatar Petroleum/General Electric Company/PII Group, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5783 – Statoil/Svitzer/FTTS (JV))**

2010/EES/7/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. janúar 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Statoil South Riding Point, LLC („SSRP“), sem tilheyrir hinu norska Statoil ASA, og fyrirtækið Svitzer (Americas) Ltd. („Svitzer“), sem er skráð á Bresku jómfrúreyjum og tilheyrir dönsku samsteypunni A.P. Møller-Mærsk A/S („APMM“), öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í fyrirtækinu Freepoint Tug & Towing Services, Limited („FTTS“) sem er skráð á Bahamaeyjum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SSRP: þjónusta á sviði geymslu og umfermingar á olíu
 - Statoil ASA: starfsemi á öllum stigum vinnslu og sölu á olíu og gasi
 - Svitzer: dráttar- og björgunarþjónusta og önnur stoðþjónusta við starfsemi á hafi úti
 - APMM: fjölþjóðasamsteypa með starfsemi fyrst og fremst á sviði sjóflutninga
 - FTTS: rekstur dráttarbáta á eyggi Grand Bahama á Bahamaeyjum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 30, 6. febrúar 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5783 – Statoil/Svitzer/FTTS (JV), á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ríkisaðstoð – Portúgal**2010/EES/7/05****Málsnúmer C 34/09 (áður N 588/08) – Aðstoð sem veitt hefur verið fyrirtækinu
Petrogal S.A.****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 23, 30.1.2010](#), bls. 34.

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
1049 Brussels/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Portúgal. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾

2010/EES/7/06

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Brignoles“)

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 1. október 2008, hefur fyrirtækið Schuepbach Energy LLC, sem er skráð að 2651 North Harword, Suite 570, Dallas, TX 75201, UNITED STATES OF AMERICA, farið fram á sérleyfi til þriggja ára, sem kennt er við „Brignoles“, til að leita að olíu og gasi á svæði sem er hér um bil 6 781 km² og liggur í sýslunum Bouches-du-Rhône, Var, Alpes-Maritimes og Vaucluse.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mæstast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum í nýgráðum hér fyrir neðan. Notast er við kerfið NTF (Nouvelle Triangulation de la France) og talið frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktar	Lengd	Breidd
A	4,40 gr A	48,90 gr N
B	4,40 gr A	48,70 gr N
C	5,30 gr A	48,70 gr N
D	5,30 gr A	48,50 gr N
E	5,20 gr A	48,50 gr N
F	5,20 gr A	48,40 gr N
G	5,00 gr A	48,40 gr N
H	5,00 gr A	48,30 gr N
I	4,60 gr A	48,30 gr N
J	4,60 gr A	48,10 gr N
K	4,20 gr A	48,10 gr N
L	4,20 gr A	48,00 gr N
M	3,60 gr A	48,00 gr N
N	3,60 gr A	48,10 gr N
O	3,50 gr A	48,10 gr N
P	3,50 gr A	48,20 gr N
Q	3,60 gr A	48,20 gr N
R	3,60 gr A	48,40 gr N
S	3,70 gr A	48,40 gr N
T	3,70 gr A	48,50 gr N
U	3,80 gr A	48,50 gr N
V	3,80 gr A	48,60 gr N
W	3,90 gr A	48,60 gr N
X	3,90 gr A	48,70 gr N
Y	4,00 gr A	48,70 gr N
Z	4,00 gr A	48,90 gr N

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um sérleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, 30.1.2010, í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 374* hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð. Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og samkeppnisumsóknir verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sbr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og eigi síðar en 23. október 2010.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum („code minier“) og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námavinnslu og geymslu efna neðanjarðar, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna neðanjarðar (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar eru veittar í ráðuneyti umhverfis- og orkumála, haldbærrar þróunar og sjávar, sem hefur með höndum málefni á sviði „grænnar“ tækni og loftslagsbreytinga (Direction générale de l'énergie et climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et des nouveaux produits énergétiques bureau exploration production des hydrocarbures), Arche de La Défense, Paroi Nord, 92055 La Défense Cedex, FRANCE. Sími: +33-140819537. Bréfasími: +33 140819529.

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita, fella niður tímabundið eða afturkalla flugrekstrarleyfi, birtar í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu (endurútgöfin)

2010/EES/7/07

Frankvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu (endurútgöfin) ⁽¹⁾ birt ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita, fella niður tímabundið eða afturkalla flugrekstrarleyfi sem teknar voru á tímanum frá 1. nóvember 2008 til 30. september 2009. Um nánari upplýsingar sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 23, 30.1.2010, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 293, 31.10.2008, bls. 3.

MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf**2010/EES/7/08****Auglýsing eftir tillögum – EACEA/01/10****Fræðslustarf****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Samkvæmt ákvörðuninni ber meðal annars að bæta faglega símenntun starfsmanna í hljóð- og myndmiðlageiranum til þess að gera þeim kleift að tileinka sér kunnáttu og færni til að skapa verk sem standast samkeppni á Evrópumarkaði og öðrum mörkuðum.

2. Hlutgengi

Umsækjendur verða að vera skráðir í einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu aðildarríkja EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins: Íslandi, Liechtenstein eða Noregi,
- Sviss eða Króatíu.

Þessari auglýsingu er beint til umsækjenda sem tilheyra einum eftirtalinna flokka og stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum:

- Kvikmynda- og sjónvarpsskólar
- Háskólar
- Sérskólar á sviði starfsmenntunar
- Einkafyrirtæki sem framleiða hljóð- og myndefni
- Félög og starfsgreinasamtök á sviði hljóð- og myndefnis

3. Styrkhæf starfsemi

Styrkhæfar eru eftirtaldar aðgerðir í ríkjunum sem eiga aðild að MEDIA-áætluninni, og starfsemi sem fellur undir þær:

Aðgerðir í því skyni að efla skilning á Evrópuþáttum meðal starfsmanna í hljóð- og myndmiðlageiranum, svo og getu þeirra til að vefa slíka þætti inn í starf sitt, með því að auka sérfræðiþekkingu sem hér segir:

Fræðslu á sviði efnahags-, fjárhags- og viðskiptastjórnunar

- Fræðslu á sviði nýrrar tækni við hljóð- og myndefnisgerð
- Fræðslu á sviði handritsgerðar

Framkvæmdatími hvers verkefnis skal vera eigi lengri en 12 mánuðir.

4. Viðmið við úthlutun

Við mat á styrkhæfum umsóknum verða gefin allt að 100 stig á grundvelli eftirtalinna þátta:

- Hversu vandað er til starfseminnar (20 stig)
- Verkefnastjórnun (20 stig)
- Hversu vandað er til samstarfs við hljóð- og myndmiðlageirann (20 stig)
- Evrópuþættir (20 stig)
- Áhrif (20 stig)

5. Fjárveiting

Fé, sem er til ráðstöfunar vegna þessarar auglýsingar eftir tillögum, er að hámarki 2 500 000 evrur.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50 %/60 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur er til 9. júlí 2010.

Umsóknir skulu sendar á neðangreint pósthfang:

Education, Audiovisual and Culture Agency (EACEA)
Call For Proposals EACEA/01/10
Mr. Constantin Daskalakis
BOUR 03/30
Avenue du Bourget 1
1140 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á réttu umsóknareyðublaði, rétt útfylltu og dagsettu, og beri undirskrift fulltrúa umsækjanda sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd hans.

Umsóknir, sem berast í símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Leiðbeiningar um hvernig standa beri að umsóknum eru birtar, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:

<http://eacea.ec.europa.eu>

Umsóknum verður að skila á umsóknareyðublaðinu sem sýnt er og þeim verða að fylgja öll fylgiskjöl og allar upplýsingar sem tilgreindar eru.